

## **Stjórn foreldrafélags Öldutúnsskóla 2014-2015. Fundur 2 – 17.nóvember 2014, kl: 20:00**

Mættir: Ingibjörg, Snædís, Elín, Friðborg, Nikulás, Vilborg, Valdimar Víðisson skólastjóri

### **1. Samtal við skólastjórnendur**

Valdimar Víðisson kynnti tilraunaverkefni: 1.bekkur og 5. bekkur en þá eru ekki bekkir sem líkir heldur meira flæði milli kennara. Verður tekið upp í 6. bekk um áramót. Meiri teymiskennsla, samvinna kennara, hópaskiptingar, kynskipt ofl. Fleiri bekkir sem fara í þetta með tímanum.

Starfsmannamál í góðu standi þó frekar mikið hafi verið um veikindi á þessu hausti og þá pestar þar sem fólk er alveg frá (magapestar) og þarf að fara strax heim svo það þarf að bjarga málum fljótt og vel.

Samkvæmt nemendakönnun er jákvætt að ánægja barna af lestri er að aukast. Áhersla hefur verið lögð á þetta og það er að skila sér. Einnig er jákvætt að ánægja er með náttúrufræðikennslu í skólanum. Það sem var neikvætt í nemendakönnun var að líðan barna virðist verri í Hafnarfirði en annars staðar og ekki til skýringar á því í fljótu bragði en verður skoðað og rýnihópur kennara mun skoða þetta. Líklega margt sem spilar inni, félagar, íþróttafélög ofl. Skólapúlsinn sýnir þetta líka, þ.e. ekki nógu góð líðan barna í skólanum. Verið er að gera könnun varðandi Olweus en niðurstaða verður kynnt seinna.

Mikilvægt að foreldrafélagið berjist fyrir góðri mætingu foreldra á allt, ekki bara sýningar, heldur líka kynningar og allt sem er í skólunum. Mikilvægt að það sé góð tenging inn á heimili barnanna í skólanum. Sent hefur verið sms til að minna á fundi ofl. og voru fundarmenn sammála um að það virkaði vel.

### **2. Undirritun fundargerðar**

Fundargerð síðasta fundar lögð fram, verður send í tölvupósti til samþykktar.

### **3. Jólaföndur**

Verður haldið laugardaginn 29. nóvember kl: 11-13, allir bekkir í stóra sal. Guðfinna er með umsjón með jólaföndri foreldrafélagsins.

*Efni í föndur:* Snædís búið að panta það sem verður eins og áður og stjórn ákvað að bæta við jólaföndri sem Guðfinna sá um að prenta út og Snædís kaupir málningu og lím og það sem vantar. Fimm hugmyndir um nýtt jólaföndur sýnt frá verslunum Ólátagarði og A4. Valið var að bæta við jólaföndri frá Ólátagarði. Guðfinna sér um að sækja föndurefnið.

*Efni frá skólanum:* Skæri og penslar fengnir til vara frá skólanum. Snædís sér um það.

*Starfsfólk skólans:* Valdimar skólastjóri sér um að starfsfólk mæti 10-12 og 12-14.

*Mæting stjórnar kl:* 10:00 og allir nefndarmenn komi með 3-4 dagblöð með sér.

*Auglýsingar:* Snædís útbýr auglýsingu og prentar á A3 blað og sendir út á Mentor.

*Jólatónlist:* Jóladiskar CD Elín kemur með diska.

*Sala á jólaföndri:* Ingibjörg kemur með skiptimynt, Guðfinna setur stjórnina á vaktir til að selja skraut. Snædís sér um að gera verðlista fyrir sölubásinn.

*Veitingar:* Friðborg kaupir kakó, mjólk og piparkökur og pappadiska undir málningu og plasmál undir kakóið. Snædís sendir magn á Friðborgu.

#### **4. Fræðslumál – nokkur erindi sem taka þarf afstöðu til**

Fyrirspurn frá skólanum: Hvort foreldrafélagið myndi styrkja 90 mínútna fyrirlestur Siggú Daggar Arnardóttur kynfræðings sem kostar 35.000 en skólinn greiðir 60 mínútna fyrirlestur fyrir börn í 9. og 10. bekk. Allir mættir samþykktu að styrkja þetta erindi Siggú Daggar.

Vanda Sigurgeirsdóttir – Rætt frá síðasta fundi hvort það ætti að fá hana með fyrirlestur um vináttu og einelti. Kostar 35.000 og svo 50.000 fyrir foreldra. Upp kom hugmynd að hafa einnig kynningu frá skólanum á Olweus áætluninni. Ákveðið að geyma þar til eftir áramót að taka ákvörðun um það og sjá hvað kemur inn af útsendum gíróseðlum til foreldra. Einnig að bíða eftir niðurstöður um líðan barnanna úr könnuninum sem Valdimar talaði um í byrjun fundar og velja fyrirlestur eftir þeirri niðurstöðu.

#### **5. Fréttir af Foreldrafélagi Hafnarfjarðar**

Frestað, ekki mættir þeir sem eru í því félagi.

#### **6. Fréttir af fjármálum**

174.000 inneing í foreldrafélaginu en rúkkun komin í heimabanka sem vonandi verður greidd af sem flestum.

#### **7. Önnur mál**

Formaður var með fyrirspurn hvort gefa mætti upp netföng stjórnar á heimsíðu. Allir mættir sammála því.

Fundi slitið 21:20

Elín Ólafsdóttir, ritar